

## 12. gr.

Fyrir tengingu ásamt aftengingu vegna skammtímanotkunar, svo sem landtengingu skipa, skal greiða gjald 5 000 kr.

## 13. gr.

Sé heimild notuð til að rjúfa straum á veitu vegna vanskila notanda á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari, skal hann greiða gjald 5 000 kr. fyrir, að settur sé straumur á að nýju.

## 14. gr.

Sala rafmagns til hitunar samkvæmt 5. grein er bundin því skilyrði, að orkuved og veitukerfi þoli álagið að dómi Rafmagnsveitunnar.

## 15. gr.

Sölugjald 20% og verðjöfnunargjald 19%, samkvæmt lögum, er innifalið í rafmagnsgjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema annað sé tekið fram.

## 16. gr.

Rafmagnsveitan leiðbeinir notendum, er þess óska, um val gjaldskrárliða eftir tegund notkunar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt Vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, samkvæmt reglugerð Rafmagnsveitu Reykjavíkur nr. 451 20. desember 1977, til að taka gildi 1. ágúst 1979, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 314 31. júlí 1979, og birtist til eftirbreytni öllum, er hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur nr. 228 15. maí 1979.

*Iðnaðarráðuneytið, 15. ágúst 1979.*

F. h. r.

Árni Þ. Árnason.

*Kristmundur Halldórsson.*

## REGLUGERÐ

### fyrir Hitaveitu Bessastaðahrepps.

## 1. gr.

#### Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um allt veitusvæði hitaveitunnar.

## 2. gr.

#### Stjórn hitaveitu.

Hitaveita Bessastaðahrepps er eign Bessastaðahrepps og skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með eigin reikningshaldi.

Hreppsnefnd Bessastaðahrepps fer með yfirstjórn veitunnar. Hreppsnefndin skipar hitaveitustjóra, sem annast daglegan rekstur hitaveitunnar svo og aðra starfsmenn eftir því sem þörf krefur.

## 3. gr.

**Einkaleyfi hitaveitu.**

Hitaveita Bessastaðahrepps hefur fengið einkaleyfi til reksturs hitaveitu í Bessastaðahreppi.

## 4. gr.

**Utanhússlagnir.**

Hreppsnefnd getur gert þeim sem húseign á, við götu eða veg, þar sem dreifiæð hitaveitu liggur, skylt að láta tengja hitakerfi hússins við hitaveituæðina og að húsið verði hitað með vatni frá veitunni. Nú eru sérstakir erfiðleikar á tengingu húss, eða hús fullnægir ekki þeim skilyrðum, sem sett eru í skipulagssamþykktum, byggingarsamþykktum eða reglugerðum og getur þá hitaveitustjóri ákveðið að húsið skuli ekki tengt hitaveitunni.

Hitaveita Bessastaðahrepps lætur leggja allar utanhússlagnir, aðalæðar, dreifiæðar og heimæðar inn í hús sbr. þó 2. mgr. 3. greinar. Eigi er hitaveitunni skylt að leggja heimæðar meðan jörð er frosin. Heimilt er hitaveitunni að setja nánari ákveði um lög heimæða í ný byggðahverfi, í skilmála þá er fylgja lóðarúthlutun. Húseigandi skal sjá fyrir inntaksstað fyrir hitaveitu við útvegg kjallara eða 1. hæðar ef hús er kjallaralaust, ásamt nauðsynlegu rými fyrir vatnsmæla og annað tilheyrandi tengingu við veituna skv. reglugerð um hitalagnir, þar skal vera niðurfall í gólfi og skal sá staður ætíð vera aðgengilegur starfsmönnum hitaveitunnar.

Ef inntak hitaveitu og vatnsmælir eða hemill eru ekki í sama herbergi skal lög þar á milli vera óhulin.

## 5. gr.

Hitaveitan hefur eignarétt og viðhaldsskyldu á dreifiæðum sínum, svo og heimæðum inn fyrir vatnsmæli eða hemil.

## 6. gr.

Hitaveitunni er heimilt að nota aftur vatn, sem runnið hefur um hitakerfi húsa, svo og þéttivatn, ef um jarðgufuveitu er að ræða. Óski hitaveitan ekki eftir því að nota slíkt afrennslis- eða þéttivatn, getur hitaveitustjóri heimilað notkun þess til upphitunar í geymslum, bílskúrum, gróðurhúsum, sundlaugum eða öðrum þeim stöðum, sem ekki þurfa ákveðið hitastig, og skal frágangur slíkra lagna vera samkvæmt fyrirmælum í reglugerð um hitalagnir.

Hitaveitustjóri getur þó afturkallað slík leyfi ef hann telur hitaveituna þurfa á vatninu að halda.

## 7. gr.

Sú hitaorka, sem hitaveitan lætur í té er ætluð til upphitunar húsa og almennrar heimilisneyslu.

Óheimilt er með öllu að tengja annað en neysluvatnslögn við greiningu þá, sem til þess er ætluð.

Nú kemur fram ósk um að nota hitaorku til annarra þarfa en greinir í 1. mgr. og þarf þá til þess heimild hitaveitustjóra.

## 8. gr.

Réttur húseiganda til afnota af hitaveituvatni skuldbindur ekki hitaveituna til þess að tryggja að þrýstingur í dreifiæðum sé ávallt nægilegur.

Stöðvun á rekstri veitunnar, eða hluta hennar, vegna viðhalds og tenginga skal tilkynna fyrirfram ef unnt er, og koma skal á eðlilegum rekstri aftur svo fljótt sem unnt er.

## 9. gr.

Hitaveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni er leiða kann af rekstrartruflunum á veitunni vegna rafmagnsbilana, frosta eða annarra óviðráðanlegra atvika.

Sama gildir ef rennsli í hitaveituæð er stöðvað um stundarsakir vegna viðgerða eða annarra nauðsynlegra aðgerða veitunnar sjálfrar.

## 10. gr.

Húseigandi skal sækja um tengingu húss síns við veituna á sérstök eyðublöð, sem skrifstofa hennar lætur í té.

Áður en hafist er handa um lögn nýrra hitakerfa, eða breytingu á eldri kerfum, skal húseigandi með minnst 7 daga fyrirvara senda umsókn um það til hitaveitustjóra.

Umsókn skal rituð á eyðublað, sem skrifstofa hitaveitunnar lætur í té, og skal hún undirrituð af eiganda hússins eða fullgildum umboðsmanni hans ásamt pípu-  
lagningameistara þeim, sem verkið á að annast.

Umsókn á að fylgja uppdráttur af lögninni í tvíriti.

Engir aðrir en umboðsmenn hitaveitunnar mega hleypa vatni úr kerfi veitunnar á hitakerfi húsa í fyrsta sinn eftir tengingu. Brot á þessu ákvæði varða þann sektum, sem verkið er unnið fyrir, þann er hleypir á vatninu og hinn löggilta pípu-  
lagningameistara er sá um tengingu hússins.

## 11. gr.

**Uppdrættir.**

Uppdráttur skal gerður af sérmenntuðum verkfræðingi, tæknifræðingi eða tækni, sem viðurkenndur er af hreppstjórn, og ber hann ábyrgð á því að uppdráttur sé réttur og í samræmi við reglur þær sem hér eru settar, reglugerð um hitalagnir og staðla ÍST-60, um tækniteikningar, ÍST-64, um teiknitákn fyrir hitalagnir, ÍST-67 um vatnslagnir og aðrar reglur og lög er gilda um byggingamál.

Gera skal ráð fyrir mest 60° meðalhitastigi hitaveituvatns í hitunartækjum eða kerfum við hámarksálag, reiknað samkvæmt staðli ÍST-68, um kólnunartölur bygginga, og afköstum miðstöðvarofna skv. ÍST-69.1 um prófanir miðstöðvarofna.

Samþykktur uppdráttur skal ávallt liggja fyrir áður en bygging húss er hafin.

## 12. gr.

Ef uppdrættir eru ekki til af gömlum hitalögnum, sem breyta á, getur hitaveitustjóri krafist þess, að þeir séu gerðir eftir því sem nauðsynlegt telst, og ber hús-  
eigandi allan kostnað af því.

## 13. gr.

**Samþykkt uppdráttá.**

Samþykkt uppdráttá.

Þegar hitaveitustjóri hefur samþykkt uppdrátt, skal hann árita tvö eintök hans. Eitt eintak skal varðveita í skjalasafni hreppsins en hitt skal afhent umsækjanda. Pípu-  
lagningameistari sá er verkið á að vinna skal, áður en það hefst, rita nafn sitt á eintak það, er varðveitt verður í skjalasafni.

Blikksmiðameistarar skulu þó árita uppdrætti af lofthitunar- eða loftræstingar-  
kerfum.

Áritaður uppdráttur skal jafnan vera á vinnustað. Með áritun tekur hitaveitustjóri enga ábyrgð á því, að unnt sé að framkvæma viðkomandi verk, eða kerfi sé rétt útreiknað.

## 14. gr.

**Réttindi meistara.**

Hreppstjórn, að fengnum meðmælum hitaveitustjóra, veitir pípulagningameisturum réttindi til að starfa við hitalagnir á veitusvæði Hitaveitu Bessastaðahrepps.

Engir aðrir, en þeir, sem þessi réttindi hafa, mega taka að sér lagnir eða breytingar á hitakerfum, sem tengjast eiga dreifikerfi hitaveitunnar.

Nú brýtur pípulagningameistari í bága við fyrirmæli reglugerðar þessarar eða aðrar reglur, sem honum ber að hlíta í starfi sínu, eða brot er framið af starfsmönnum, sem hann ber ábyrgð á, og getur þá hitaveitustjóri veitt honum áminningu. Ennfremur getur hreppstjórn svipt hann réttindum, ef um miklar sakir er að ræða eða ítrekað brot.

## 15. gr.

Pípulagningameistarar, sem hlotið hafa réttindi frá hreppstjórn, hafa einir rétt til þess að annast hitalagnir, sbr. þó 2. mgr. 13. gr., og gildir það um nýlagnir jafnt sem viðbætur við eða breytingar á eldri lögnum. Þeir bera og ábyrgð á, að allar lagnir séu í samræmi við reglugerð þessa, nánari fyrirmæli, er kunna að verða sett, og samþykktu uppdrætti.

Ef skipt er um meistara, meðan á verki stendur skal það tilkynnt hitaveitustjóra skriflega, og lætur hann þá fara fram úttekt á þeim hluta verks, sem lokið er. Óheimilt er að halda áfram framkvæmdum, fyrr en annar meistari hefur tekið við verkinu.

## 16. gr.

**Eftirlit.**

Hitaveitustjóri eða eftirlitsmaður hans skal hafa eftirlit með því að nýlagnir, breytingar á eldri lögnum og tenging húskerfa við hitaveitu sé í samræmi við reglugerð þessa, samþykktu uppdrætti, reglugerð um hitalagnir og aðrar reglur og lög er gilda um byggingamál. Pípulagningameistari skal annast prófun hitalagna og reynslukyndingu og vera viðstaddur þegar hitaveitu er hleypt á hitakerfi og skal þá ganga úr skugga um að kerfið hitni jafnt og eðlilega, með mælingum á frárennslshitastigi allra ofna og hitatækja og nauðsynlegum stillingum, einnig skal tryggja að stjórnþæki starfi eðlilega.

Áliti eftirlitsmaður að verk sé eigi framkvæmt samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, reglugerðar um hitalagnir, eða öðrum reglum er settar kunna að verða, getur hann stöðvað verkið þar til bætt hefur verið úr því sem áfátt kann að vera.

## 17. gr

Eftirlitsmaður hitaveitustjóra skal jafnan hafa frjálsan aðgang að hitalögnum bæði innanhúss og utan. Húseiganda er skylt að láta honum í té þær upplýsingar er máli geta skipt um hitun hússins. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjar ráðstafanir til varnar misnotkun heita vatnsins.

## 18. gr.

**Dælur á heimæðum.**

Óheimilt er að tengja dælur, forhitara eða neysluvatnshitara við heimæðar, nema skriflegt leyfi hitaveitustjóra sé fyrir hendi, og skal þá frágangur tækjanna vera samkvæmt fyrirmælum hitaveitustjóra.

## 19. gr.

**Öryggislokar o. þ. h.**

Á öllum hitakerfum tengdum hitaveitu skulu vera þrýstímælir og öryggisloki, staðsett samkvæmt fyriræmum hitaveitustjóra. Ekki þarf þó öryggisloka ef hitakerfið hefur síopna útrás um yfirfall (slaufu) og rennsli er stýrt á innrennsli eingöngu.

Á hitakerfum, tengdum einföldu dreifikerfi hitaveitu, skal afrennsli leitt upp fyrir efstu ofna kerfisins í sérstakri afrennsliþípu (slaufu) og sé á efsta hluta hennar þensluker, hæfilega stórt að dómi hitaveitustjóra, skal það tengt frárennslikerfi hússins með yfirfallspípu úr zinkhúðuðu efni eða öðru jafngóðu, sem myndi vatnslás við kerfið, frá þenslukerjum skal vera loftþípa lögð út úr húsi.

Heimilt er einnig að nota sjálfvirka loka á afrennsli, sem halda hæfilegum þrýstingi á hitakerfinu skv. nánari fyriræmum hitaveitustjóra.

## 20. gr.

Þar sem hús eru hituð með hitaveituvatni, ber húseiganda að setja á inntakspípu sjálfvirkan loka. Lokanum skal ávallt stjórnað af hitastilli í útrennsliþípu, en auk þess af herbergishitastilli. Ef húseigandi óskar má hann setja vandaðri stýribúnað á hitakerfi hússins og skal þá fara eftir ákvæðum reglugerðar um hitalagnir.

## 21. gr.

**Sala hitaorku.**

Hitaveitustjóri ákveður stærð og gerð mæla sem nota skal, og lætur setja þá á inntakspípur húsa sem tengd eru kerfi veitunnar. Mælar þessir eru í eigu og umsjá veitunnar og ber húseiganda að tilkynna tafarlaust, ef vart verður bilana á þeim.

Nú verður mælir fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum og er þá heimilt að skylda notanda til að greiða kostnað við viðgerð eða endurnýjun, sama gildir, ef mælir eyðileggst af völdum frosta. Ef maður rýfur innsigli mælis varðar það refsingu skv. almennum hegningarlögum. Notandi mælis er sá, sem skráður er fyrir vatnsnotkun þess hitakerfis, sem mælirinn er fyrir, skal hann bera ábyrgð á honum svo og vatnsnotkun hitakerfisins þar til hann lætur af notkun hans og hefur sagt notkun upp eða tilkynnt flutning.

Uppsögn eða flutning skal tilkynna hitaveitunni með hálfis mánaðar fyrirvara. Ef notandi óskar að mælir sé leiðréttur skal hann senda skriflega beiðni til hitaveitunnar. Ef þá kemur í ljós við athugun mælis að mesta skekkja sé 5% eða minni, er heimilt að gera notanda að greiða kostnað við prófunina. Sé skekkjan meiri skal hitaveitan bera kostnað við prófunina og leiðréttá reikning notanda í samræmi við niðurstöður hennar, þó ekki fyrir lengra tímabil en 2 mánuði, nema notandi geti sannað að um lengri tímabil hafi verið að ræða.

Öll þau sömu ákvæði og hér eru talin, um mæla, skulu gilda jafnt um hemla ef selt er samkvæmt hemiltaxta.

## 22. gr.

Hreppsnefnd setur Hitaveitu Bessastaðahrepps gjaldskrá skv. 29. grein laga nr. 58, 29. apríl 1967 (Orkulög).

## 23. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjald gjaldkræft. Neysluggjöld verða krafín mánaðarlega, skv. nánari ákvæðum gjaldskrár, þó er heimilt að láta lengri tíma líða milli gjalddaga. Heimilt er að áætla vatnsnotkun notenda og innheimta reglulega skv. slíkri áætlun, enda fari fram uppgjör á staðreyndri notkun

skv. álestrum eigi sjaldnar en einu sinni á hverjum 12 mánuðum. Reikningur fyrir áætlaða notkun telst fullgildur reikningur á sama hátt og uppgjörreikningur, enda getur notandi jafnan krafist aukaálesturs og uppgjörs miðað við staðreynda notkun gegn aukagjaldi samkvæmt gildandi gjaldskrá á hverjum tíma.

Við verðbreytingar á hitaorku skal áætla notkun skv. eldri og nýrri gjaldskrá og skal skiptingin sýnd á næsta orkureikningi. Skal notkuninni skipt jafnt niður á það tímabil, sem reikningurinn nær til.

Gjaldldagi hitaveitugjalda er við útsendingu reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Ber gjaldanda að greiða reikninginn í bönkum, sparisjóðum og öðrum greiðslustöðum, sem Hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöld fyrir orku-notkun eru ekki greidd innan 10 daga frá útsendingardegi reiknings.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með viðvörðun, sem send er út með 3ja daga fyrirvara.

Sá, sem vanskilum veldur, greiðir allan kostnað af lokun og opnun á ný samkvæmt gjaldskrá hverju sinni.

#### 24. gr.

##### Refsiákvæði.

Verði uppvíst að heitt vatn hafi verið notað á annan hátt en um er samið, raskað hafi verið mælitækjum eða breytt tengingu þannig, að ekki komi fram öll notkun, skal hitaveitan áætla það vatnsmagn, sem notað hefur verið óleyfilega og skal greiðandi greiða fyrir það eftir gjaldskrá þann tíma sem liðinn er frá síðustu skoðun (aflestri).

Ef ekki liggja fyrir sérstakar upplýsingar um líklega notkun má miða við hámarksrennsli það er runnið getur til kerfisins um hemil, þegar að er komið.

Við endurtekið brot skal rjúfa samband við veituna og gera ráðstafanir til þess að koma fram ábyrgð á hendur þeim, sem brotlegur hefur gerst.

#### 25. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að 500 000 krónum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Nú vanrækir maður að vinna verk, sem hitaveitustjóri hefur fyrirskipað samkvæmt reglugerð þessari, eða verk er ekki unnið á viðunandi hátt, og er hitaveitustjóra þá heimilt að láta vinna það, sem þörf krefur, á kostnað aðila.

Skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr sjóði hitaveitunnar en innheimta síðan hjá aðila með lögtaki, ef þörf krefur.

Reglugerð þessi, sem er samþykkt af hreppsnefnd Bessastaðahrepps er hér með staðfest samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi.

*Iðnaðarráðuneytið, 1. ágúst 1979.*

**Hjörleifur Guttormsson.**

*Páll Flygenring.*